



HAFNARFJÖRÐUR

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Móttúgning	23.05.2017
Málavéð	9.33
Mál nr.	1705269

Hafnarfirði 18. maí 2017
málsnr. 0704123

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Efni: nýtt deiliskipulag fyrir Kaldársel, Kaldárbotna og Gjárnar í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 23. nóvember 2016 að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir Kaldársel, Kaldárbotna og Gjárnar í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið afmarkast í norðri af náttúruvættinu Kaldárhraun og Gjárnar og liggur að deiliskipulagi Sléttuhlíðar auk nær það yfir brunnsvæði vatnsverndar í Kaldárbotnum. Alls 257 ha að stærð. Samhliða verða gerðar óverulegar breytingar á mörkum deiliskipulagsáætlana fyrir Sléttuhlíð og Höfðaskóg – Hvaleyrarvatn.

Deiliskipulagstillagan ásamt greinargerð voru til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 8-10 og hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu að Norðurhelli 2 til 18. maí 2017.

Hægt er að skoða tillögurnar á forsiðu vefs Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is Nánari upplýsingar eru veittar á Umhverfis- og skipulagsþjónustu.

Óskað er eftir umsögn Garðabæjar varðandi deiliskipulag þetta. Vakin er athygli á að þrátt fyrir að auglýstur athugasemdarfrestur er útrunninn mun erindið ekki verða afgreitt fyrr en umsögn frá sveitarfélaginu berst.

Virðingarfyllt.

Berglind Guðmundsdóttir
Landslagsarkitekt f.lla

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar
Norðurhelli 2 | 221 Hafnarfjörður
Sími 585 5619 | GSM 664 5619



www.hafnarfjordur.is